

Úthlutunarreglur styrkja menningar- og atvinnumálanefndar Vopnafjarðarhrepps

1. Tilgangur styrkjanna er að efla og styðja við verkefni á sviði menningar-, og lista í Vopnafirði. Menningar- og atvinnumálanefnd fær ákveðna upphæð til úthlutunar ár hvert af fjárlögum Vopnafjarðarhrepps. Athugið að um takmarkað fjármagn er að ræða.
2. Markmiðið er að verkefnið efli menningarlíf Vopnafjarðar á þann hátt að það einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta. Að það endurspegli aukinn stuðning við grasrót í menningarlífi Vopnafjarðar og stuðli að frumkvæði einstaklinga með því að styðja við bakið á hvers kyns sköpunarstarfi. Styrkveitingar skulu endurspeglja breidd, nýmæli og framsækni.
3. Umsækjendur geta verið lögráða einstaklingar og félagasamtök. Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnisins og notkun heimilda ef þarf og ber ábyrgð á öllum þáttum verkefnisins.
4. Verkefni skal haldið í Vopnafjarðarhreppi eða í grennd við Vopnafjörð.
5. Styrkir eru ekki veittir til verkefna sem eru með fastan samning við Vopnafjarðarhrepp.
6. Sjóðurinn er ætlaður til styrktar smærri verkefnum sem tengjast menningu, listum og menningararfi í Vopnafirði. Hámarksupphæð til úthlutunar til hvers verkefnis er 200.000 kr. en verður þó aldrei hærri en sem nemur 70% af heildarupphæð verkefnisins.
7. Umsóknum um styrki skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem eru aðgengileg á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps.
8. Menningar- og atvinnumálanefnd skal auglýsa eftir umsóknum á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Umsóknarfrestur er tvisvar sinnum á ári sem hér segir;
 - 1. apríl
 - 1. október
9. Umsóknir eru afgreiddar á menningar- og atvinnumálanefndarfundum tvisvar sinnum á ári en verkefni/viðburð skal miða við yfirstandandi almanaksári. Hvert verkefni getur hlotið einn styrk á hverju almanaksári.
10. Menningar- og atvinnumálanefnd Vopnafjarðar situr í úthlutunarnefnd og velur styrkhafa. Þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfnisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirbyggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr óhlutdrægni við val á verkefnum. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnslulaga nr. 37/1993 og 20 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

11. Menningar- og atvinnumálanefnd áskilur sér rétt til að hafna styrkumsóknum eða veita aðra styrkuppþæð en beðið er um.
12. Samkvæmt 21. grein Stjórnsýslulaga þarf ekki að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar.
13. Við auglýsingu á viðburði skal styrkþegi láta styrkveitingu Vopnafjarðar koma fram með kennimerki Vopnafjarðarhrepps.
14. Tekið skal fram að hver einstaklingur eða félag sem hlýtur styrk skal skila samantekt um nýtingu styrkjarins ekki seinna en 3 mánuðum eftir framkvæmd viðburðar.
15. Styrkir úr þessum sjóði skulu einungis nýttir í tengslum við menningar- og listaverkefni. Ekki er heimilt að nýta styrkinn til tækjakaupa, almenna reksturs eða annarra kostnaðarliða sem tengjast daglegum rekstri. Þetta felur í sér að styrkurinn má ekki nota til kaupa á tækjum, búnaði, eða öðrum varanlegum eignum, né til að greiða laun, leigu eða aðra kostnaðarliði sem ekki eru nátengdir við framkvæmd menningarverkefnisins.

Starfsmaður menningar- og atvinnumálanefndar tekur á móti skriflegum umsóknum rafrænt á netfangið irisj@vfh.is sem og á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps.

Starfsmaður leggur styrkbeiðnirnar fyrir menningar- og atvinnumálanefnd á næsta úthlutunarfundi eftir að umsóknin berst.

Verklagsreglur þessar skulu endurskoðaðar fyrir 1. desember árlega.

Samþykkt 12. 02. 2024 af menningar- og atvinnumálanefnd.

Samþykkt 21.03.2024 af sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps.

Uppfært 12. 02. 2025.